



Torfæra 2017 Keppnisreglur

Efnisyfirlit:

1. Almenn skilgreining á torfærukeppni
2. Torfæra almennt
3. Samskipti
4. Brautir
5. Brautir með auka stig fyrir tíma
6. Tímabraut
7. Rásröð
8. Flögg
9. Stigagjöf í keppni
10. Refsingar í braut
11. Dómarar hætta að gefa stig þegar ökumaður
12. Úrslit

Reglur þessar eru íslensk þýðing á samsvarandi reglum á ensku:

[2017 NEZ FORMULA OFFROAD CHAMPIONSHIP](#)

Þar sem ósamræmi er á íslensku og ensku reglunum gilda þær ensku.



1. ALMENN SKILGREINING Á TORFÆRUKÉPPNI

Torfærukeppni er haldin samkvæmt eftirfarandi FIA International Sporting Code (ISC) og reglum keppnishaldara og landsambands hans. Sé misræmi í reglum keppnishaldara og landsambands gilda reglur landsambandsins. Sé misræmi í reglum Landsambands og FIA International Sporting Code (ISC) gildir FIA International Sporting Code (ISC).

2. TORFÆRA ALMENNT

Torfæra (Formula Offroad) er keppni fjórhjóladrifsbíla þar sem keppendur reyna með sér í nákvæmnisakstri við krefjandi aðstæður, meðal annars upp brattar brekkur og við aðrar óvenjulegar aðstæður.

3. SAMSKIPTI

Öll samskipti við ökumann (í gegnum talstöð, síma eða með öðrum hætti) eru bönnuð á meðan ekið er í braut.

4. BRAUTIR

- 4.1. Lágmarksfjöldi brauta í keppni eru 6 og má hafa eina eða fleiri tímabrautir.
- 4.2. Hver braut skal vera 30 til 700 metra löng.
- 4.3. Hver braut skal hafa lágmarki eitt aksturssvæði sem afmarkast af tveimur hliðum, ráshliði og endamarki (300 stig).
- 4.4. Hlið afmarkar brautina inn í aksturssvæði. Hliðin afmarka hvert aksturssvæði.
- 4.5. Öll hlið skulu vara minnsta kosti 4 metra breið.
- 4.6. Það eru til tvær tegundir af hliðum (gildir ekki í tímabraut).
 - 4.6.1. A hlið - þá skal vera að minnsta kosti eitt framhjól hreint inni í hliði.
 - 4.6.2. B hlið - skulu vera bæði framhjól inni í hliði, annað þarf að vera hreint og hitt má snerta hlið.
- 4.7. Brautir skulu vera skýrt merktar með brautarhliðum – hvítum eða gulum vinstra megin og svörtum eða rauðum hægra megin.
- 4.8. Ef báðir flokkar eru að keyra sömu brautina eða hluta af braut skal nota annan hvorn litinn af hliðum. Það þarf að koma skýrt fram á teikningu sem keppendur fá á fundi með keppnisstjóra.
- 4.9. Stikur skulu vera að minnsta kosti 40 cm á hæð og 10 cm breið.
- 4.10. Stikum í brautarhliðum skal vera þannig komið fyrir að þær geti ekki skapað hættu fyrir keppendur, starfsmenn eða áhorfendur. Liggi tvær eða fleiri brautir nálægt hvor annari skal sú braut sem er í noktun vera merkt sérstaklega vinstra megin til að fyrirbyggja misskilning.



- 4.11. Hverri braut er skipt niður í 5 stigasvæði: 0 til 100, 100 til 200, 200 til 250, 250 til 300, 300 til 350.
- 4.12. 250 stiga lína skal vera merkt að hámarki 3 metrum frá endahliði (300). 350 stiga lína skal vera bíllengd frá endahliði, í aksturslínu frá braut og ekki í meiri fjarlægð en 5 metrum frá 300 stiga merkingu.
- 4.13. Dómarar geta gefið með 10 stiga millibili í fyrstu þremur stigasvæðum, en seinni svæðum er ekki skipt upp. (Dæmi: Þú getur fengið 240 stig en ekki 260 stig fyrir lengd): Til að fá 250 stig verður að minnsta kosti eitt framhjól að vera inni í 300 stiga hliði.
- 4.14. Keppnisstjórn skal afhenda keppendum mynd eða teikningu af brautum á fundi með keppendum á keppnisstað. Á henni skal vera aksturslína brautar, stýrihlið hennar vera skilmerkilega merkt ásamt stigasvæðum.
- 4.15. Ökumaður skal ávallt keyra stystu leið á milli hliða eða hugsaðri aksturslínu sem er á mynd. Ef hann þarf að bakka þá skal bakka í sömu akstursátt, en alls ekki lengra en eina bíllengd.

5. BRAUTIR MEÐ AUKA STIG FYRIR TÍMA

- 5.1. Keppnishaldari má láta eina keppnisbraut, en þó ekki tímabraut, gefa aukastig.
- 5.2. Keppnishaldari tekur ákvörðun hvort þessi regla gildir í keppni eða ekki.
- 5.3. Ein keppnisbraut er valin og mældur er tími frá rásliði að hliðinu sem gefur 300 stig. Besti tími gefur 25 stig, annar besti tími 15 stig, þriðji besti tími 10, fjórði besti tími 6 stig og fimmti besti tími 3 stig. Aðrir fá ekki stig.
- 5.4. Tíminn er mældur eins og í tímabraut en ekki með fljúgandi starti. Klukkan fer í gang um leið og rásflagg fellur.

6. TÍMABRAUT

- 6.1. Tímabraut ætti að vera fær öllum keppendum. Að því tilskyldu að ökutæki séu í lagi.
- 6.2. Brautarhlið í tímabraut skulu vera númeruð og vel sjáanleg.
- 6.3. Tímamæling í tímabraut hefst þegar keppnistæki fer yfir ráslínu (fljúgandi start) og lýkur þegar keppnistæki fer yfir endamark.
- 6.4. Æskilegt er að nota tímatökubúnað fyrir akstursíþróttir.
- 6.5. Séu skeiðklukkan notaðar skal nota þrjár skeiðklukkan og er þá miðtíminn notaður.
- 6.6. Séu tvær skeiðklukkan notaðar skal nota meðaltal þeirra.
- 6.7. Ökumaður sem nær bestum tíma í tímabraut fær 350 stig. Stig annara ökumanna reiknast frá þeim tíma en dregið er frá 1 stig fyrir hvern tíunda hluta úr sekúndu frá besta tímanum.
- 6.8. Hámarkstími í tímabraut er 3 mínútur. Lágmarksstig fyrir að ljúka tímabraut eru 150 stig.
- 6.9. Tímabrautinni er skipt niður í fjögur stigasvæði. Nái ökumaður ekki að ljúka tímabraut fær hann 25 stig fyrir hvert stigasvæði sem hann byrjar á.
- 6.10. Ef hámarkstíma er náð og ökumaður er ekki búinn að ljúka braut þá fær



hann þau stig sem eru á því stigasvæði.

6.11. Keyra þarf í gegnum öll hlið tímabrautar í réttri röð og akstursstefnu.

6.12. Refsing fyrir snert hlið í tímabraut er – 10 stig.

6.13. Að lágmarki eitt hjól keppnistækis þarf að fara í gegnum hvert hlið svo því teljist lokið.

6.14. Ökumenn mega bakka og snúa við án refsingar.

7. RÁSRÖÐ

7.1. Keppnishaldari dregur í rásröð og skal birta hana með dagskrá keppinnar.

7.2. Eftir hverja braut skulu fyrstu ökumenn færðir aftur fyrir í rásröð.

7.3. Fjöldi ökumanna sem færður er aftur fyrir í hvert skipti skal reiknaður með fjölda keppenda deilt með fjölda brauta.

7.4. Ef fjöldi ökumanna er minni en fjöldi brauta skal aðeins einn ökumaður færast aftur fyrir í rásröð

7.5. Ökumaður skal mæta á ráslínu innan einnar mínútu eftir að honum hefur verið gefið merki um að mæta. Hverri tilraun til aksturs í braut telst lokið fari keppandi ekki af stað einni mínútu eftir að ræsir hefur ræst hann af stað.

7.5.1. Ökumaður getur fengið að fara aftur fyrir í rásröð ef hann hefur ekki klárað að laga bílinn sinn þegar hann á að ræsa í braut. Keppnishaldari þarf að láta keppendur vita á keppendafundi á keppnisdag ef þeir ætla að leyfa þessa reglu eða ekki. Ökumaður eða liðstjóri skulu tilkynna keppnisstjóra ef þeir ætla að nýta sér að fara aftur fyrir.

7.5.2. Ökumaður hefur aðeins eitt tækifæri í keppni að fara aftur fyrir og skal hann vera tilbúinn áður en síðasti bíll keyrir brautina.

7.5.3. Ökumaður mun mest fá 50% af stigum í þeirri braut.

7.6. Braut skal einnig vera lokuð fyrir ökumann ef hann byrjar ekki að aka brautina eftir að ræsir hefur ræst af stað.

7.7. Keppendur sem hætta keppni skulu umsvifalaust tilkynna það til keppnisstjórnar.

8. FLÖGG

8.1. Í hverri keppni eru notaðar þrjár gerðir af flöggum: Rautt, grænt og rásflagg.

8.2. Rautt flagg er notað til að sýna að braut sé lokuð og til þess að sýna ökumanni að hann sé flaggaður út úr braut. Rautt flagg skal einnig notað til þess að sýna ökumanni ef hætta er á ferð.

8.3. Grænt flagg er notað til að sýna að braut sé tilbúin til aksturs og er sett niður um leið og keppandi er lagður af stað í braut.

8.4. Rásflagg (alþjóðlegt) er notað til þess að ræsa ökutæki af stað í hverja braut. Þar sem á við má einnig nota ljósbúnað til þess að ræsa í braut.



9. STIGAGJÖF Í KEPPNI

- 9.1. Fyrir refsilausan akstur í braut fær keppandi 350 stig.
- 9.2. Auka stig er hægt að fá (Sjá reglu 5.3.)
- 9.3. Hverju stigasvæði telst lokið þegar miðjur beggja afturhjóra hafa farið yfir stigalínu.
- 9.4. Aka verður í gegnum öll hlið í réttri akstursstefnu. Aðeins má aka einu sinni í gegnum hvert hlið.
- 9.5. Ökumanni er einungis heimilt að bakka einu sinni í hverju stigasvæði á milli hliða. (Sjá reglu 4.4.)

10. REFSINGAR Í BRAUT

- 10.1. Stoppað í braut og haldið áfram -10 stig
- 10.2. Snerting á brautarhliði með einu dekki -20 stig
- 10.3. Snerting á brautarhliði með tveimur dekkjum -40 stig
- 10.4. Snerting á brautarhliði með þremur dekkjum -80 stig
- 10.5. Bakkað (tekur í gildi þegar keppandi heldur tilraun áfram) -40 stig
- 10.6. Eyðilegging á braut að óþörfu -50 stig
- 10.7. Hámarksrefsing fyrir eitt hlið er -80 stig.
- 10.8. Refsing í 300 stiga hliði er 50% minni en venjuleg refsing.
- 10.9. Fari ökutæki ekki í gegnum neitt hlið þá fæst hvorki stig né refsing.
- 10.10. Lágmarks stig fyrir hverja braut er 0.

11. DÓMARAR HÆTTA AÐ GEFA STIG ÞEGAR ÖKUMAÐUR

- 11.1. Við þjófstart (ökumaður fer af stað í braut áður en rásmerki hefur verið gefið)
- 11.2. Veltur
- 11.3. Fer rangt í brautarhlið
- 11.4. Fer í A hlið án þess að vera með hreint framhjól inn í hliði. (Á ekki við í tímabraut) (Sjá reglu 4.6.).
- 11.5. Fer í B hlið þar sem bæði framhjól þurfa að vera inn í hliði. Annað hreint framhjól og hitt þarf að snerta. (Sjá reglu 4.6.).
- 11.6. Bakkar oftast en einu sinni innan akstursvæðis.
- 11.7. Keyrir út út stystu leið á milli hliða í venjulegri braut eða fylgir ekki fyrirhugaðri aksturslínu.
- 11.8. Festir sig eða stöðvar í meira en eina mínútu.
- 11.9. Losar hjálm eða öryggisbelti.
- 11.10. Gefur starfsmönnum keppinnar merki um að hann sé hættur.



12. ÚRSLIT

12.1. Sigurvegari í hverjum flokki er sá sem hefur flest stig að loknum öllum brautum.

12.2. Úrslit hvernar brautar skulu vera aðgengileg keppendum að henni lokinni á upplýsingartöflu keppinnar.

12.3. Ljúki tveir eða fleiri keppendur keppni með jöfn stig vinnur sá ökumaður sem lokið hefur flestum brautum á flestum stigum.

12.4. Sé enn jafnt vinnur sá keppandi sem fékk flest stig í síðustu braut, annars næstsíðustu og svo framvegis.

13. UPPLÝSINGAR

Allar upplýsingar varðandi NEZ Formula Offroad Championship má nálgast á vefnum: www.formulaoffroad.org